

Mál nr. 86/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ vörubifreiðarinnar A.

Slys er maður var að fara niður af palli vörubifreiðar þann 28.9.2004.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 14.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.6.2008.

Málsatvik.

M var á leið niður stiga ofan af palli vörubifreiðarinnar A er hann missti handfestu með þeim afleiðingum að hann féll niður og lenti illa á rófubeini og baki og fékk m.a. heilahristing.

Samkvæmt gögnum málsins var á slysstað verið að byggja bílakjallara. Unnið var við að rífa niður steypumót innan á veggjum kjallarans með bílkrana, sem mun hafa verið staðsettur fyrir aftan vörupallinn á A. Mótunum var komið fyrir á palli A til að flytja þau á milli staða í húsinu. M hafði farið upp á pallinn til að losa mótin úr krananum. Til að komast upp á pallinn notaði hann stiga sem hafði verið reistur við aftanverðan pallinn. Er M hafði losað mótin ætlaði hann sömu leið niður. Er hann hafði stigið í stigann og hugðist snúa sér við ætlaði hann að styðja sig við skjólborð aftast á pallinum sem var í uppréttri stöðu. Skjólborðið reyndist ólæst og er M studdist við það féll það niður í lárétta stöðu. Við það missti M jafnvægið og féll aftur fyrir sig með fyrrgreindum afleiðingum.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A; annars vegar á grundvelli hinnar hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hins vegar á þeirri forsendu að stjórnandi A hafi sýnt gáleysi með því að hafa ekki læst skjólborðinu í tæka tíð áður en M fór niður af pallinum.

Álit.

Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá er ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Er M var á leið niður af pallinum verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að A hafi verið kyrrstæð. Þá var hvorki kraninn né annar vélknúinn búnaður M notaður til að koma M niður af pallinum. Slysið hlaut því ekki af notkun A eins og það hugtak hefur verið skýrt í dómum Hæstaréttar, sbr. m.a. H 1972, 374 og H 1999, 3734. Ekkert liggur fyrir að læsing skjólborðsins hafi verið biluð eða á annan hátt vanbúin. Ennfremur er alveg ósannað að slysið verði rakið til gáleysis ökumanns A. Að þessu virtu telst hvorki eigandi né ökumaður A bera ábyrgð á líkamstjóni M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 9. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.